



Hagstofa Íslands

28. nóvember 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Allsherjarnefnd, frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, 296. mál, endurnot opinberra upplýsinga, bréf nefndarinnar 21. nóvember 2006

Hinn 1. júlí 2003 var fyrirtækjaskrá sem Hagstofa Íslands stofnaði árið 1969, flutt til ríkisskattsjóra, sbr. lög um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003. Um leið fluttust frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra skrár um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, samkvæmt breytingum á hlutaðeigandi lögum.

Hinn 1. júlí 2006 fluttist Þjóðskrá frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, sbr. lög nr. 51/2006 um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

Frá 1. júlí 2006 hefur Hagstofan ekki með höndum neinar skrár sem hafa að geyma opinberar upplýsingar sem má endurnota í skilningi ofangreinds frumvarps. Skrár Hagstofunnar og gagnasöfn hennar hafa eingöngu að geyma gögn sem safnað er til hagskýrslugerðar og fullur trúnaðar skal gilda um.

F. h. r.